



Minnisblað

Efni: Minnisblað starfsmanns - Girðingar

Dags: 22. maí 2020

Málsnúmer: 202005288/-


Málsmeðferð: Til umfjöllunar

Starfsmaður: Kristinn Pálsson, Skipulagsfulltrúi

Erindi barst frá Klöru Thuilliez þann 17. maí 2020.


Í því erindi er fjallað um framkvæmdir vegna undirlags fyrir hundabúr sem þau hyggjast hafa á eign sinni að Egilsmóa 12. Vinna við undirstöður voru hafnar þegar að frétti af verkinu bárust umhverfissviði Mosfellsbæjar, en voru stöðvaðar í ljósi hverfisverndar á svæðinu. Aðalskipulag Mosfellsbæjar gerir ráð fyrir að umhverfis- og skipulagsnefnd fjalli um framkvæmdir innan hverfisverndarsvæða. Skipulagsfulltrúi hefur þegar unnið sérstakt minnisblað vegna þessa.

Í sama erindi óska lóðareigendur eftir því að girða lóð sína með „fjárheldri girðingu“ meðfram Suðurá eins og meðfylgjandi mynd sýnir með ljósblárrí línu.





Slíkt er í bága við það deiliskipulag sem er í gildi á svæðinu. Í 11. gr. vatnalaga nr. 15/1923 er mælt fyrir um vatnsréttindi almennings og lúta þau bæði að vatnstöku og umferðarrétti. Þessi umferðarréttur er merktur inn á skipulag fyrir Mosfellsdalinn frá 18.08.1999. Hann má sjá sem brotalínu meðfram Suðurá og er í um 10 metra fjarlægð frá árbakka.



Ekki fæst séð að þessu hafi í einu og öllu verið fylgt meðfram Suðurá þó aðgengi sé víðast hvar gott og fjarlægðir í fasta muni eins og mannvirki eða girðingar fyrir innan brotalínu skipulagsins.

Lagt er til að málsaðilar reyni eftir fremsta megni að fylgja ákvæði skipulagsins og fari ekki mikið innar en sýnt er á uppdrætti allt eftir því hvað undirlag, lóð og aðstæður leyfa. Uppdráttur sem landeigandi sendi í erindi sínu gengur allt of langt inn á aðgengiskvöð skipulagsins sem á að vera „svæði opið almenningi“ og er ætlað sem svar við ákvæði vatnalaga. Ekki er hægt að leggja til að fallast verði á óskina eins og hún er útfærð í erindi.

Virðingarfyllst,

KP